

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 17. nóvember 2009 í máli nr. Q-5/2009:

A

(Jóhannes Ásgeirsson hrl.)

gegn

B

C

D

(Ásdís J. Rafnar hrl.)

E

F

(Valborg Þ. Snævarr hrl.)

Mál þetta barst dóminum 3. júní 2009 með bréfi skiptastjóra í dánarbúi J, sem lést 2007 og N, sem lést 1. júlí 2007. Málið var þingfest 22. júní 2009 og tekið til úrskurðar 20. október sl.

Sóknaraðili, A, krefst þess

1. að viðurkennt verði með dómi að við skipti á dánarbúi J og N beri að úthluta honum fjárhæð sem svari til verðmætis 1,48 ha úr landi H.....í bæ,
2. að tekið verði tillit til þess við skipti á dánarbúinu að endurgjald sóknaraðila fyrir eignarhlut sínum í H.....landi var bersýnilega mjög ósanngjarnt.

Þá er gerð krafa um málskostnað að skaðlausu úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar, B, C og D J.....dætur, krefjast þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Krafist er málskostnaðar að skaðlausu úr hendi sóknaraðila, auk virðisaukaskatts.

E og F Jdætur láta málið ekki til sín taka.

I.

Foreldrar J, N og U, bjuggu að H í U lést 1947 og var dánarbúi hennar skipt með skiptagerð dags.1960. Eftirlifandi maki hennar, N, fékk helming jarðarinnar H, en tveir synir þeirra, J, S og H fengu hvor um sig $\frac{1}{4}$ hluta jarðarinnar.

J var tvíkvæntur en fyrir hjúskap átti hann dótturina F. Með fyrri konu sinni T, átti hann A, sóknaraðila þessa máls og E. J og T skildu að borði og sæng 1961. Í endurriti úr hjónaskilnaðarbókþann dag, kemur fram að sá hluti af félagsbúi þeirra hjóna er falla skyldi til konunnar, þar með talinn hlutur hennar í H gengi til barna þeirra. Þessu skilnaðarsamkomulagi var ekki þinglýst á fasteignina H fyrr en 1963.

Við skilnað J og T að borði og sæng var J eigandi að $\frac{1}{4}$ hluta jarðarinnar H sem hann erfði eftir móður sína, N, faðir J, andaðist 1963, eða einu og hálfu ári eftir skilnað J og T og erfði J þá töluvert land í H eftir föður sinn til viðbótar því sem hann átti áður.

Jog N gengu í hjónaband 1967 en höfðu þá búið saman frá 1962. Þegar þau giftu sig voru dætur þeirra C og D fæddar og hafði J gengið B, dóttur N, í föðurstað og tekur hún arf eftir hann eins og hans eigin börn samkvæmt erfðaskrá dags. 18. september 1995. Börn J af fyrra hjónbandi, E og A, ólust upp á heimili þeirra N. Átti sóknaraðili A skráð lögheimili á H, heimili þeirra J og N, allt fram til ársins 2007.

Þann ... maí 1972 keypti J eignarhluta A sonar síns í H með kaupsamningi og var afsalinu þinglýst í júní sama ár. Greiddi J kaupverð eignarhlutans kr. 600.000.

Dánarbúi J og Nr var tekið til opinberra skipta með úrskurði héraðsdóms hinn 21. september 2007. Framangreind börn F, A, E, B C og D telja til arfs úr dánarbúinu. Á skiptafundi í dánarbúi 12. maí 2009 kom krafa sóknaraðila fram. Tók skiptastjóri ákvörðun um það á fundinum að vísa ágreiningi um kröfu sóknaraðila til héraðsdóms, sem hann gerði með bréfi hinn 28. maí 2009. Alsystir sóknaraðila, E og hálf systir hans samfeðra, F, láta málið ekki til sín taka.

II

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því að hvorki hafi legið fyrir nákvæm mæling á stærð H á þeim tíma þegar því var skipt, við andlát U, föðurömmu hans, né þegar hann afsalaði $\frac{1}{16}$ hluta af eignarhlut sínum í jörðinni til föður síns, í. maí 1972. Við landmælingu Sigurðar Sigurðssonar, verkfræðings, á landi J í H, árið 1995, hafi komið í ljós að móðurarfur hans var 97 hektarar, sbr. og landskiptagerð J og E dóttur hans. Við útreikninga sama verkfræðings á árinu 2007, hafi komið í ljós að föðurarfur J hafi verið 67 hektarar. Samtals hafi því eignarhlutur J í H - landi verið 164 hektarar. Sama eignarhluta eða 164 hektara eigi HA bróðir J. Þá hafi E systir sóknaraðila, fengið í arf frá afa sínum, N, samkvæmt erfðaskrá, 36,26 hektara. Samkvæmt þessu hafi H - landið verið alls 364,26 ha (164 ha x 2 + 36,26 ha).

Landið sem sóknaraðili afsalaði til föður síns, 1/16 hluti jarðarinnar, hafi numið 22,77 hekturum. Eignarhluti sóknaraðila hafi hinsvegar verið bundinn við móðurarf hans, sem eins og að framan er rakið, hafi numið $\frac{1}{4}$ af 97 hekturum eða samtals 24,25 hekturum. Það sé mismunur þessara stærða 1,48 ha þ.e. 24,25 ha að frádregnum 22,77 ha sem sé krafa sóknaraðila.

Samkvæmt kaupsamningi J og A sonar hans, hafi J átt að greiða sóknaraðila gamlar kr. 600.000 (nýkr. 6.000) fyrir 1/16 hluta eignarhluta í H

Þegar stærð landsins lá fyrir hafi J og dóttir hans E gert með sér landskiptagerð vegna móðurarfs hennar úr landinu, dags. 14. september 1995, og hafi nánar tilgreint landsvæði komið í hlut E.

Sóknaraðili kveður föður sinn hafa, eftir að stærð landsins hafði verið mæld, ávallt haft á orði að hann yrði að bæta sóknaraðila tilgreindan mismun. Þá kveður sóknar aðili föður sinn hafa orðið enn eindregnari í þessari afstöðu sinni, þegar ljóst var söluverð á eignarhlut E systur sóknaraðila, í H. E, seldi hluta af eignarhlut sínum (móðurarki sínum) og arfi eftir afa sinn, N, svokallað S - ver, fyrir alls kr. 36.132.000, þann 26. janúar 1996. E hélt eftir 3 ha sem hún seldi síðan í ágúst 2004, fyrir tæpar kr. 50.000.000.

Að sögn sóknaraðila urðu ýmsar breytingar til þess að ekkert hafi orðið úr eindregnum vilja J að bæta syni sínum bersýnilegt ranglæti sem hann hafi orðið fyrir við sölu á landinu til föður síns. Þegar samningur feðganna var gerður hafi sóknaraðili aðeins verið 22 ára gamall og hafi treyst föður sínum. Faðir hans hafi hins vegar kvænst ungri konu í árslok 1967, sem hafi fljótlega tekið stjórnina í sínar hendur. Hvað sem því líður hafi gamli maðurinn oft haft það á orði að hann þyrfti að bæta syni sínum, sóknaraðila máls þessa, þau augljósu rangindi sem hann hefði verið beittur. En breyttar aðstæður, ung kona og aðrir fjölskyldumeðlimir hafi tekið stjórn mála í sínar hendur og því hafi ekkert orðið úr fyrirætlun J.

Sóknaraðili vísar til þess að hann hafi ekki getað hugsað sér að þjarma með beinum eða óbeinum hætti að föður sínum þrátt fyrir að honum sviði sárt undan því að aðrir högnuðust með óréttmætum hætti á viðskiptum þeirra feðga. Jafnframt hafi hann lifað í þeirri von að faðir hans rétti hans hlut eins og ásetningur föður hans hafi staðið til.

Sóknaraðili byggir á því að hann hafi verið beittur bersýnilegri ósanngirmi og verði það ekki leiðrétt auðgíst varnaraðilar óeðlilega á hans kostnað.

Sóknaraðili byggir á framlögðum skjölum um stærð lóðar.

III

Varnaraðilar vísa til þess að eftir andlát J hafi N verið veitt heimild til setu í óskiptu búi, hinn 2007. Hafi sóknaraðili vitað hverjar eignir búsins væru og hafi hann þegið fyrirframgreiddan arf úr búi föður síns skömmu eftir að N hafi fengið búsetuleyfið. Dánarbú J og N var tekið til opinberra skipta með úrskurði dags. hinn 21.

september 2007. Sóknaraðili hafi fyrst komið með kröfur af þeim toga sem hann telji sig vera að sækja í þessu máli á skiptafundi 18. desember 2008. Hann hafi formlega fallið frá þessari kröfu í bréfi til skiptastjóra dags. 16. janúar 2009. Á skiptafundi í dánarbúinu hinn 12. maí 2009 hafi hann sett kröfu sína fram á ný

Varnaraðilar vísa til þess að eignir til skipta í dánarbúinu sem ágreiningur sé um í máli þessu séu annars vegar hlutafélagið XX hf. en hluthafar hafi verið tveir, hjónin J og N að 50 % hlut hvort. Hlutafélagið eigi meðal annars tæplega 1.5 hektara lands í H, . Hins vegar söluandvirði einkahlutafélagsins ZZ ehf., en þeir fjármunir séu í vörslu Kaupþings banka. Hluthafar og seljendur einkahlutafélagsins hafi verið hjónin J og N að 50 % hlut hvort.

Varnaraðilar benda jafnframt á að í landskiptagerð sem J og E systir sóknaraðila hafi gengið frá 1995 og þinglýst 6. október sama ár segi: „... J erfði sinn hlut eftir föður sinn en E eignaðist sinn hluta jarðarinnar með skiptayfirlýsingu dags. 25. 09. 1963....”

Yfirlýsing þessi sé ekki rétt. Ekki sé gerð grein fyrir því hvern hluta jarðarinnar H..... J erfði eftir móður sína, sem var sá hluti jarðarinnar sem hann átti er skipting á félagsbúi J og T fór fram við skilnað þeirra að borði og sæng 25. september 1961. N faðir J lést í mars 1963 eins og áður segir. Sú „skiptayfirlýsing” sem vitnað sé til í þessari landskiptagerð sé endurrit úr hjónaskilnaðarbók Reykjavíkur dagsett 25. september 1961, sem sé bókun um skipti félagsbús við frágang skilnaðar foreldra E og A að borði og sæng. Hið þinglýsta endurrit sé hins vegar staðfest með áritun dags. 25. september 1963. Sé orðalag í landskiptagerðinni einnig rangt að þessu leyti.

Eignir sem til skipta séu í dánarbúinu séu annars vegar hlutafélag og hins vegar söluandvirði einkahlutafélags. Um hlutafélög og einkahlutafélög gildi sérstök lög og sé hlutur í hlutafélagi ávísun á verðmæti. Í hvoru félagi hafi hjónin átt helming hlutafjár og verði þeim ráðstöfunum ekki rift. J og N hafi stofnað einkahlutafélagið ZZ ehf., hinn 29. desember 2000. Hinn 30. apríl 2002 hafi þau stofnað einkahlutafélagið XX ehf., kt. ... og hafi notið við frágang málsins sérfræðiaðstoðar Deloitte Touche h.f. H hafi orðið eign einkahlutafélagsins að undanskildu íbúðarhúsinu og lóðinni í kringum það. Skráðir eigendur hlutafjár hafi verið J 50 % og N 50 %.

Varnaraðilar byggja kröfu sína á því að J hafi greitt sóknaraðila, syni sínum að fullu eign hans í jörðinni H sbr. framlagðan kaupsamning þeirra feðga, afsal og bréf lögmanns sóknaraðila til skiptastjóra dags. 16. janúar 2009. Það sé almenn regla íslensks réttar að fullveðja mönnum sé rétt og heimilt að ráðstafa í lifanda lífi þeim eignum sínum, sem engin bönd hvíli á, þannig að bindandi sé. Hefði sóknaraðili hugsanlega átt kröfu á föður sinn, sem hann hafi þó aldrei átt, þá falli skuld eða aðrar kröfur, sem ekki hafi verið viðurkenndar eða heimtar með lögsókn innan þeirra tímatakmarka, er ákveðin voru í lögum nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, úr gildi fyrir fyrningu.

J hafi alla tíð verið hæfur til þess að ráðstafa eignum sínum með þeim hætti sem hann gerði í lifanda lífi og hið sama gildi um sóknaraðila. Framlögð gögn sanni að uppgjör hafi farið fram í fullu samkomulagi á milli þeirra feðga fyrir réttum fjörotúum árum. Engin stoð sé fyrir fullyrðingum í greinargerð sóknaraðila um að það uppgjör

hafi á einhvern veg verið ósanngjarnt. J hafi ekki haft neinn vilja til að mismuna börnum sínum E og A og hafi ekki gert það.

Mótmælt er fullyrðingum í greinargerð sóknaraðila að J hafi einhvern tíma talið uppgjör þeirra feðga ósanngjarnt. Hafi sóknaraðili aldrei haft ástæðu til að ætla það enda hafi hann aldrei haft uppi kröfur gagnvart föður sínum í lifanda lífi hans varðandi þessi kaup. J hafi öllum stundum verið hæfur til þess andlega að fjalla um fjárhagsmálefni sín með þeim hætti sem hann gerði. Um aldamótin hafi aðstæður verið þær að H ... landið hafi lengi verið til skoðunar hjá skipulagsyfirvöldum sem byggingarsvæði fyrir íbúðabyggð. Meðal annarra hafi byggingaraðilar haft áhuga á landinu. J hafi leitað sér ráðgjafar um stöðu sína í þessum efnum og hafi fengið þá ráðgjöf, sem flestir aðrir í hans stöðu í íslensku fjármálaumhverfi eins og það hafi þá verið, að stofna hlutafélag um fjárráðstafanir vegna skattalegrar meðferðar hugsanlegs söluandvirðis landsins. Hafi J sjálfur tekið allar lokaákvæðanir um fjárhagsmálefni sín. Bent er á að E systir sóknaraðila, hafi verið þátttakandi í mörgum þeim ráðstöfunum sem félög þau sem hjónin stofnuðu áttu aðild að og gerðar voru í tengslum við fyrirhugað byggingarland á H.. vegna hagsmuna sinna sem landeigandi.

Varnaraðilar byggja á því að verulegur brestur sé á skýrleika í kröfugerð sóknaraðila og rökstuðningi fyrir kröfum hans í greinargerð, sem og gagnaframlagningu af hans hálfu. Útlistun á mælingum lands í eigu J og umfjöllun um eign E systur sóknaraðila, í landinu og um landskiptagerð 1995 sé marklaus í þessu máli, sbr. framangreint og arftöku hennar á landi í H... eftir afa sinn N, sem var veruleg. Þá hafi E selt land sitt á allt öðrum tíma í íslensku samfélagi en sóknar aðili og sé sóknaraðila fullkunnugt um það. Fullyrðingum í greinargerð sóknaraðila um að varnaraðilar hafi auðgast á hans kostnað er alfarið mótmælt.

Varnaraðilar telja málarekstur sóknaraðila með öllu óskiljanlegan og vítaverðan og til þess eins fallinn að draga skiptameðferð dánarbúsins á langinn og valda öðrum erfingjum tJi og örðugleikum. Málátlíbúnaður hans sé ófullnægjandi með vísan til 1. mgr. d. liðar 80. gr. laga nr. 91/1991, sbr. kröfugerð í greinargerð „... beri að úthluta honum fjárhæð sem svari til verðmætis 1.48 ha úr landio.s.frv.“ Það sé með öllu óljóst hver verðmæti sóknaraðili telur sig vera að sækja.

Þá sé málátlíbúnaðurinn í vafasömum farvegi hvað varði aðild og fyrirvar. Sóknar aðili sé fyllilega upplýstur um að verðmæti þau sem til skipta séu í dánarbúinu í dag séu annars vegar hlutafélag sem var í helmingseigu hvors hinna látnu hjóna og hins vegar söluandvirði einkahlutafélags sem var í helmingseigu þeirra hvors um sig.

Varnaraðilar vísa til XVII. kafla nr. 20/1991 um skipti dánarbúa og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. m.a. 1. mgr. 80. gr. Vísað er til laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, m.a. 1. mgr. 1. gr. Ennfremur til erfðalaga nr. 8/1962, erfðalaga nr. 42/1949, laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20/1923, laga um stofnun og slit hjúskapar nr. 39/1921 og hjúskaparlaga nr. 31/1993. Kröfu um málskostnað styðja varnaraðilar við 130. gr. laga og 131. gr. s.l. nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 20/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málflytninguþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988. Varnaraðilar séu ekki virðisauka skattskyldar og sé þeim því nauðsynlegt að fá skattinn tildæmdan úr hendi sóknaraðila.

IV

Vitnið JJ, í .. sveit, bar fyrir dómi að hann og J, faðir sóknaraðila, hefðu verið nágrannar. Vitnið hefði, sem verktaki, keypt möl úr H landi af þeim síðarnefnda. A sonur H-bóndans, sóknaraðili þessa máls, hefði starfað hjá fyrirtæki vitnisins um skeið. Vitnið og J hefðu átt allmikil samskipti á árum áður.

Vitnið kvaðst hafa átt allmörg samtöl við J á H... um málefni A. A hafi, vegna skilnaðar við eiginkonu sína, lenti í slæmri fjárhagslegri stöðu og hafi J faðir hans hlaupið undir bagga með A með því að kaupa af honum land. A hafi alla tíð talið að hann hefði borið skarðan hlut frá borði við þessi viðskipti og hafi samtöl vitnisins og J, föður A, snúist um það og hafi J trúað vitninu fyrir ýmsu í þessu efni. Hann hafi meðal annars oft nefnt að hann vildi rétta hlut A nokkuð þar sem jarðakaupin hafi borið að við mjög þvingaðar aðstæður hjá A, þar sem hann hafi þá staðið í skilnaði. J hafi þó ekki treyst sér til að gera það á þessum tíma ef hann þyrfti að hlaupa síðar meir undir bagga með A og hafi viljað láta kyrrt liggja í nokkurn tíma. Síðan hafi ekkert orðið úr þessum fyrirætlunum hans. Taldi vitnið að ekkert hefði orðið úr því að J rétti hlut A þar sem J hafi þá verið giftur annarri konu og í því hjónabandi hafi verið nýir erfingjar og hafi J því ekki átt hægt um vik.

Erfitt sé að segja til um það hvort verðið hafi verið of lágt á þessum tíma en vitnið taldi vafa hafa leikið á því allt hafi verið rétt mælt. Landið hafi orðið mjög verðmætt síðar.

Vitnið KV bar fyrir dómi að hann hefði fyrst hitt J, tengdaföður sinn og föður sóknaraðila, árið 1984. Vitnið kvaðst hafa aðstoðað J við ýmis fjárhagsmál í gegnum árin. Vitnið hafi vitað af fjárlitum J við fyrri eiginkonu sína og málum sem tengdust því uppgjöri en vitnið hafi aldrei rætt þau mál náð við J. Vitnið vissi að börnin áttu að fá hlut fyrri konu J í sinn hlut. Bar vitnið að J hafi rætt það að A hafi oft talað um að hann hefði átt að bera meira út bítum úr þessum viðskiptum en J hafi sagt vitninu að hann hafi látið A hafa það sem honum bar.

V

Varnaraðilar krefjast sýknu á þeim grundvelli að aðild málsins sé röng þar sem dánarbúið eigi ekkert land. Til skipta séu hlutafélag og söluandvirði annars hluta félags. Það sé hlutafélagið sem eigi enn 1,5 hektara lands í H - landi. Þar sem félagið sé ekki aðili að þessu máli beri að sýkna varnaraðila. Í málum sem þessum geta ekki aðrir átt aðild en dánarbúið sjálft, kröfuhafar þess og þeir sem eiga eða telja sig eiga tilkall til arfs úr dánarbúinu. Það hlutafélag sem er til skipta sem eign dánarbúsins, á vitaskuld ekki tilkall til arfs eða eigna úr dánarbúinu og getur því ekki átt neina aðild að þessu máli. Verður því ekki fallist á að aðildarskortur leiði til sýknu.

Varnaraðilar telja jafnframt að dómkröfum sóknaraðila sé áfátt þar sem hann krefjist ekki greiðslu á tilgreindri fjárhæð. Samkvæmt d-lið 1. mgr. 80 gr. EML er

unnt að krefjast viðurkenningar á réttindum án þess að þau réttindi hafi þá þegar verið metin til fjármuna.

Viðurkenningarkrafa sóknaraðila grundvallast á því að hann hafi við fjárslit milli foreldra sinna T og J eignast 1/2 hluta móður sinnar í landi H... Þennan hlut hafi hann, aðeins 22 ára, neyðst til að selja frá sér vegna fjárslita milli sín og þáverandi eiginkonu sinnar. Hafi orðið úr að faðir hans keypti af honum þennan eignarhluta. Hafi þessi viðskipti farið fram án þess að jörðin væri mæld. Mælingar á jörðinni árið 1995 hafi leitt í ljós að faðir sóknaraðila hafi erfð 97 ha. eftir móður sína, U. Eignarhlutfall sóknaraðila af því landi, hafi numið ¼ og hafi því verið 24,25 ha.

Mælingar á jörðinni árið 2007 hafi ennfremur leitt í ljós að faðir sóknaraðila hafi einvörðungu erfð 67 ha eftir föður sinn N. Heildarflatarmál jarðarinnar, þegar með sé talið land sem N arfleiddi E, systur sóknaraðila, að, hafi numið 364,26 ha. Flatarmál sem samsvari 1/16 hluta þess lands sé 22,77 ha. Þar sem sóknaraðili hafi samkvæmt orðalagi afsals 1. maí 1972 selt föður sínum 1/16 hluta jarðarinnar, hafi hann einungis selt honum 22,77 ha. Sóknaraðili hafi hinsvegar erfð eftir móður sína 24,25 ha. Hann hafi því ekki afsalað til föður síns 1,48 ha. af sínum móðurarfi og eigi því tilkall til endurgjalds sem samsvari þessu landi úr búinu.

Til stuðnings kröfu sinni hefur sóknaraðili lagt fram ýmis opinber skjöl um framsal eða afsal eignaréttar að landi sem tilheyrði jörðinni H... Eldri skjölin eru eðlilega því marki brennd að í þeim er tilgreint framsal á tilteknu hlutfalli af eignar réttindum í landinu, sem var þá í óskiptri sameign, en ekki er tilgreind mæld stærð þess flatarmáls sem samsvarar viðkomandi hlutfalli. Í skiptagjörð frá 20. september 1949 sem gerð var í kjölfar andláts U kemur einvörðungu fram að J fái í sinn hlut: „...Jörðin H að 1/4...“. HA bróðir hans fékk sömu hlutdeild en faðir þeirra, N, fékk hálfa jörðina. Jafnframt er tekið fram að jörðin öll sé „að fasteignamati“ 24.900.-kr.“ Ljóst er að ekki er verið að skipta flatarmáli jarðarinnar nákvæmlega heldur verðmæti hennar, sem á þessum tíma var verðmæti í krónum samkvæmt fasteignamati en áður tíðkaðist að meta verðmæti jarða í kúgildum.

Á sama hátt stendur í endurriti úr hjónaskilnaðarbók Reykjavíkur frá 25. september 1961 um fjárslit milli T og J að „...börnin eignist hálfa jörðina H I skuldlaus, en maðurinn heldur hinum helmingi jarðarinnar, „ Þar sem J hafði ekki tekið neinn arf eftir föður sinn á þessum tíma verður ekki annað ráðið en þarna sé skipt milli J og barna hans þeirri hlutdeild í jörðinni sem hann erfði frá móður sinni 1949 og sú hlutdeild nefnd H I. Í þessum skilnaðarsamningi er hvorki vísað til nánar tilgreindrar stærðar flatarmáls né heldur kennileita á jörðinni sem afmarka þann hluta sem börnin fá og þann hluta sem maðurinn heldur, enda var það allt í óskiptri sameign. Þar sem þarna er skipt ¼ af heildarjörðinni og A og E fá ¼ hvort verður hlutdeild hvors um sig 1/16 hluti. Heimildarbréf þeirra fyrir eignarréttindum sínum er þessi skilnaðarsamningur J og T frá 25. sept. 1961 en endurrit hans er dags. 25. sept. 1963.

Þann 21. júní 1960 gera N og synir hans J og HA landskiptagjörð um jörðina. Segir þar m.a. að N sé eigandi hálfar jarðarinnar H. Ennfremur að J sé þinglýstur eigandi ¼ hluta H og HA, „þinglýstur eigandi H II, sem er ¼ hluti hinnar upphaflegu jarðar H...“ Samkvæmt landskiptagjörðinni fær hver um sig reiti sem eru afmarkaðir af kennileitum og punktum. Verður að viðurkenna að þeir punktar eru ekki allir hárnákvæmir. Til dæmis má taka þessa afmörkun: „Frá J ræður bein lína

til norðausturs 126 m leið að M, sem er hæll í girðingunni. Í M beygja merkin hornrétt í suðaustur í N, sem er hæll 100m frá girðingunni...“ Er ljóst að feðgarnir eru ekki að eltast við hárnákvæma mælingu á hekturum heldur eru þeir með þessari skiptagjörð að skipta landinu þ.a. hver um sig fái í sinn hlut land sem samsvarar því hlutfalli af verðmæti jarðarinnar sem hver á en á þessum tíma var þarna búskapur. Þannig er fyrst skipt landi utan túns þar á meðal ónýtanlegu landi svo sem H sjálfu en síðan skipt landi innan túngirðingar enda má ljóst vera að 1 ha af ræktuðu túni er mun verðmætari fyrir búskap en 1 ha af berangri uppi á fellinu.

Með þessu voru afmarkaðir þeir reitir úr jörðinni sem tilheyrðu J og býlinu H I og þeir reitir sem tilheyrðu HA og býlinu H II. Annað tilheyrði N föður þeirra. Jafnframt stendur í landskiptagjörðinni: „Við undirritun þessa sammings ganga skipti þessi þegar í gildi, og hefir hver aðili fullan og óskoraðan rétt yfir því landi, er hann fær í sinn hlut, sé annars ekki getið í skiptagjörð þessari.“ Þessum skiptum var þinglýst 4. júlí 1960.

Með erfðaskrá dags. 7. nóvember 1960 skipti N sínu landi, helmingnum sem hann hélt eftir við andlát U konu sinnar, milli bræðranna J og HA og E, dóttur J. Í erfðaskránni er ekki heldur tilgreint neitt flatarmál þess reits sem hvert þeirra fékk. Hinsvegar er land hvers um sig afmarkað af nánar tilgreindum kennileitum og vísað til uppdráttar Ásgeirs H. Karlssonar, sem er þó ekki lagður fram í málinu. N lést 29. mars 1963 og tóku þessi landsskipti þá gildi.

Þann 1. maí 1972 afsalar A „til J, H,sveit, eignarhluta mínum í jörðinni H ísveit, sem er 1/16 hluti jarðarinnar, sbr. heimildarbréf mitt dags. 25. september 1963.“ Heimildarbréf sóknaraðila hljóðar upp á að hann og systir hans skipti með sér hlut móður þeirra í „H I“. Í afsalinu stendur að eignarhlutinn sé „í óskiptri sameign með öðrum eigendum samkvæmt ofangreindri heimild.“ Þarna er vísað til þess að „býlið H I“ sé í óskiptri sameign systkinanna og föður þeirra en ekki að upphaflega jörðin H sé í óskiptri sameign enda var hún það ekki eftir skiptagjörðina sem þinglýst var 4. júlí 1960.

Eins og vísunin í afsalinu í heimildarbréfið sýnir er sóknaraðili, A, einvörðungu að afsala til föður síns því hlutfalli af verðmæti H I sem kom í hans hlut við skilnað J og T. Ráðstöfunarrétt yfir öðru verðmæti heildarjarðarinnar hafði hann ekki. Á þeim grundvelli er því hafnað að við skipti á dánarbúi J og N beri að úthluta honum fjárhæð sem svari til verðmætis 1,48 ha úr landi H íbæ.

Mælingar sem Sigurður Sigurðsson, verkfræðingur, gerir árið 1995 í tilefni af land skiptagerð J og E byggir hann á landskiptagjörðinni frá 1960 og uppdrætti Ásgeirs H. Karlssonar. Eins og áður hefur komið fram er tilgreining kennileita og viðmiðunarpunkta í landskiptagjörðinni ekki hárnákvæm vísindi enda var hvorki ástæða til þegar skjalið var samið né tækni fyrir hendi. Sigurður tekur það einnig fram í texta sem er á framlögðu, en óskýru, korti af eignarhlutum E úr H I, að „Landeigendum að H I hafi verið gerð grein fyrir að þessi mælingaraðferð hafi vissar takmarkanir varðandi nákvæmni en ekki var óskað eftir að nákvæmari mælingar væru gerðar.“ Það er því afar vafasamt að beita nútímaflatarmáls mælingum og útreikningum út frá þeim aftur í tímann til að finna út hlutfalls skiptingu á tímum þegar landi var ekki skipt og verðmæti þess ekki ákveðið einvörðungu eftir flatarmáli heldur fyrst og fremst eftir landgæðum. Verður þessi málsástæða því ekki talin breyta greindri niðurstöðu um að hafna kröfu sóknaraðila

um úthlutun til hans úr dánarbúinu.

Sóknaraðili byggir seinni lið kröfu sinnar á því að það endurgjald sem faðir hans greiddi honum árið 1972 fyrir 1/16 hluta jarðarinnar hafi ekki verið sanngjarnt. Vel má vera að þessi viðskipti feðganna hafi borið að með þeim hætti að endurgjald fyrir hlutdeild sóknaraðila í H I, hefði verið hærra hefði verið hægt að selja hann á frjálsum markaði. Til sönnunar því að eitthvað kunni að hafa hallað á sóknaraðila í þessum viðskiptum hefur hann fært framburð vitnis, sem er fyrrum vinnuveitandi hans og vinur föður hans. Á móti hefur eiginmaður eins varnaraðila, sem aðstoðaði föður aðila við fjárhagsmálefni, borið um að faðir aðila hafi tjáð honum að sóknaraðili hafi fengið það sem honum bar. Framburður fyrrnefnda vitnisins er ekki vefengdur en til sönnunar slíkri kröfu verður að færa veigameiri sönnunargögn til dæmis matsgerð dómkvadds matsmanns. Kynni slík krafa einhvern tíma að hafa verið fyrir hendi er hún auk þess nú, 37 árum eftir útgáfu afsals, fallin niður fyrir fyrningu. Verður því einnig þessum hluta kröfu sóknaraðila hafnað.

Eftir atvikum verður sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðilum hverjum um sig 80.000 krónur í málskostnað.

Anna M. Karlsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Hafnað er öllum kröfum sóknaraðila, A J- sonar, í máli þessu

Sóknaraðili greiði varnaraðilunum, B, C og D, J - dætrum, 80.000 krónum hverri um sig í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti.

Anna M. Karlsdóttir